

Fundargerð

166. stjórnarfundur 12. mars 2026 kl. 12:00 Vesturborg og Teams

Fundarmenn: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Kristján Óskarsson, Ingibjörg Sigurðardóttir og Auðbjörg Björnsdóttir.

Fundarritari: Hjördís Sigursteinsdóttir

1. Fundargerðir

Fundargerð síðasta fundar samþykkt án athugasemda.

2. Könnun um stéttarfélag

Formaður fór yfir niðurstöður könnunar sem BHM sendi út fyrir FHA, FH og FPR um í hvernig stéttarfélagi við viljum vera. Mjög dræm þátttaka var í könnuninni meðal félagsfólks FHA eða aðeins 35%. Könnunin gefur ákveðnar vísbendingar um breytingar. Ákveðið var að boða til opinna félagsfunda, annars vegar með félagsfólki stoð- og stjórnsýslu og hins vegar með félagsfólki í kennslustöðum. Formanni falið að boða til funda í vikunni 23. – 27. mars.

3. Sameiningarviðræður

Haldið var áfram að funda með FH og FPR. Búið er að komast að samkomulagi um spurningar og skiptingu á bakgrunnsbreytum. BHM mun framkvæma könnunina og senda hana út í þessum mánuði.

4. Önnur mál

Engin önnur mál lágu fyrir. Fundi slitið 13:30.